



Reykjavík, 10. nóvember 2025
MSS25110002

Styrkumsóknir til borgarráðs 2026

Styrkjahópur borgarráðs hefur yfirfarið styrkumsóknir sem bárust til borgarráðs vegna árlegra styrkja úr borgarsjóði og leggur með þessu bréfi fram tillögu til borgarráðs um úthlutun.

Í styrkjahópnum sátu Líf Magneudóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Skúli Helgason. Starfsmaður styrkjahópsins var Eiríkur Búi Halldórsson.

Alls bárust 28 umsóknir og verið er að leggja til að úthluta styrk til 17 þessara verkefna. Heildarfjárhæð styrkjapottarins er 13.000.000 kr., þar af er verið að úthluta 8.100.000 kr. til þeirra verkefna sem hér eru tilgreind.

Virðingarfyllt,

Eiríkur Búi Halldórsson
skrifstofa borgarstjórnar

Fylgiskjöl:

Yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs 2026

Styrkumsóknir til borgarráðs 2026 - árleg úthlutun				
Málsaðili	Efni	Stutt lýsing	Tillaga	Upphæð umsóknar
Paulina Koltan-Janowska	Velkomin í leikskóla – læra íslensku í gegnum leik fyrir pólskar fjölskyldur - Annað	Verkefnið „Velkomin í leikskóla“ styður pólskar fjölskyldur þegar barn byrjar í leikskóla. Með leik og þátttöku læra börn og foreldrar orðaforða og fá hagnýtar upplýsingar um starf leikskóla og daglegt samstarf.	400.000 kr.	570.000 kr.
Slow Food í Reykjavík, félagasa	Bragðagarður tveggja daga Slow Food hátíð í Grasagarði Reykjavíkur - Annað	Bragðagarður 2026 er Slow Food hátíð í Grasagarðinum með jafningjafraeðslu nemenda í matvælagreinum fyrir ungmennt og fjölbreyttri dagskrá um bragð, sjálfbærni og líffræðilega fjölbreytni.	400.000 kr.	1.000.000 kr.
Golfklúbbur Borgarstarfsmanna	Golfklúbbur borgarstarfsmanna (GBS) - Annað	GBS býður öllum starfsmönnum borgarinnar upp á hreyfingu, útivist og félagsstarf í gegnum golfþróttina, með mótum, viðburðum og samningum við golfklúbba víða um land; s.s. Sandgerði, Árborg, Kiðjabergi, Vestmannaeyjum, Hornafirði og Akureyri.	500.000 kr.	1.000.000 kr.
Hannesarholt ses.	Heimili Heimsmarkmiðanna í Hannesarholti - Annað	Heimili Heimsmarkmiðanna er miðstöð fræðslu og hvatningar um heimsmarkmið og sjálfbærni. Með viðburðum, upptökum og hlaðvarpi eflir það vitund, virkjar samfélagið og hvetur til aðgerða.	750.000 kr.	4.462.500 kr.
Marco Mancini	Ants in action: bringing nature and cooperation to Reykjavík's children - Annað	“Ants in action” brings ants into kindergartens, inspiring children’s curiosity about nature. Through interactive activities with a live ant colony and storytelling from “Matti og Maurún”, children explore cooperation, sustainability, and friendship.	250.000 kr.	1.000.000 kr.
Áþena menntatækni ehf.	Áþena. - Gagnvirk lestrargreining og lestrarþjálfun - Annað	Áþena er gagnvirk hugbúnaður fyrir lestrarkennslu, lestrarþjálfun og lestrargreiningu sem gefur notendum upplýsingar um frammistöðu barna í lestri. Áþena verður hugbúnaður sem ætlað er að lágmarka lestrarvanda nemenda með einstaklingsmiðaðri nálgun.	Hafnað	18.000.000 kr.
Ngoc Anh Bui	STEM fyrir framtíðina - Annað	Verkefnið STEM fyrir framtíðina fellur undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 4, menntun fyrir öll. Við viljum efla STEM menntun utan hefðbundinna skólafánna með því að halda fjölbreyttar og gjaldfrjálsar smíðjur, t.d. á bókasöfnum. Markhópurinn sem STEM fyrir framtíðina hófðar til er nemendur á yngsta og miðstigi grunnskóla. Í því skyni að ná til markhópsins munum við hefja samstarf við bókasöfn til að halda reglulegar smíðjur um helgar.	150.000 kr.	150.000 kr.
Samtök um TEDxReykjavík	TEDx Reykjavík Women - Annað	TEDx Reykjavík is a volunteer-led organization dedicated to amplifying the voices of people in Iceland and beyond. Our annual event brings together inspiring speakers and community members to share innovative ideas and foster meaningful dialogues.	250.000 kr.	500.000 kr.
Kjarnasamfélag Reykjavíkur	Hönnun okkur hús! - Félags- og velferðarmál	Kjarnasamfélag eru grasrotarstarfsemi þar sem íbúarnir sjálfir hanna húsið og mynda samfélagið saman. Reykjavíkurborg hefur nú eyrnamerkt lóðir fyrir kjarnasamfélög og því tekur verkefnið nýtt skref með vinnustofum þar sem íbúar móta framtíðina.	700.000 kr.	2.554.000 kr.
Íslensk ættleiðing, félag	Litríkar rætur - Félags- og velferðarmál	Litríkar rætur er þríþætt skapandi stuðningsverkefni við ættleiðda og fjölskyldur þeirra. Viðtækur stuðningi og virkni með fjölbreyttum stuðningsúrræðum sem m.a. felst í því að fagna upprunum, bæta líðan og minnka fordóma.	Hafnað	14.650.000 kr.
Landssamtök íslenskra stúdenta	Student Refugees - Félags- og velferðarmál	Markmið verkefnisins er að tryggja auknið aðgengi flóttafólks að námi með opnum viðburðum og fjöltyngdu kynningarefni, og stuðla að auknum jöfnuði í samfélagsþátttöku, sem mun auka lífsgæði og framtíðarmöguleika barna af erlendum uppruna.	500.000 kr.	2.500.000 kr.
Hannesarholt ses.	Hannesarholt fyrir öll - Félags- og velferðarmál	Hannesarholt býður upp á ókeypis laugardagsviðburði þar sem fólk á öllum aldri hittist til að syngja, lesa, ræða og æfa íslensku saman. Verkefnið vinnur gegn félagslegri einangrun, eflir menningu og tengir saman ólíka hópa í Reykjavík.	Hafnað	6.267.000 kr.
Helgi Már Þórðarson	Heimili til framtíðar – meðfjárfesting fyrir barnafjölskyldur - Félags- og velferðarmál	Við tryggjum ungu fólk og barnafjölskyldum aðgang að heimili með meðfjárfestingu. Þannig umbreytast leigugreiðslur í eignamyndun, húsnæðisöryggi og betri framtíðarsýn.	Hafnað	400.000 kr.

WomenTechIceland, félagasamtök	STEMming: Celebrating Iceland Tech on International Women's Day - Félags- og velferðarmál	Each year WomenTechIceland, in cooperation with several other Icelandic community organisations, hosts a celebration event to honor Iceland's diverse tech community, and its commitment to inclusion and gender equality on International Women's Day.	50.000 kr.	50.000 kr.
ELSA-Ísland	Norræni fulltrúaráðsfundur ELSA 2025 Reykjavík - Félags- og velferðarmál	ELSA Ísland hefur hlotnast sá heiður í fyrsta sinn að halda hinn árlega Norræna fulltrúaráðsfund ELSA (e. Nordic Officers' Meeting - NOM) í lok október á þessu ári. Laganemar og ungir lögfræðingar víðsvegar að af Norðurlöndum og víðar mætast á fundinum, í því augnamiði að efla tengsl og móta sameiginlega sýn fyrir framtíð samtakanna á norðurhveli. NOM verður eitt umfangsmesta og fjölmennasta laganemamót sem haldið hefur verið á Íslandi, þar sem hátt í 120 laganemar og ungir lögfræðingar munu sækja landið heim af þessu tilefni. ELSA Ísland er Íslandsdeild félags evrópskra laganema (e. European Law Students Association). ELSA eru stærstu fjölþjóðlegu samtök laganema og ungra lögfræðinga í heiminum og spanna yfir 430 háskóla í 41 landi.	150.000 kr.	250.000 kr.
Neytendasamtökin	Aðstoð við neytendur og leigjendur - Félags- og velferðarmál	Neytendasamtökin veita bæði neytendum og leigjendum aðstoð um lagalegan rétt sinn. Markmiðið er að tryggja að hagsmunir þessa hópa séu virtir og er í því skyni m.a. lögð áhersla á baráttumál sem geta leitt til kerfisbreytinga og þar með haft jákvæð áhrif til framtíðar. Neytendur mega sín gjarnan lítils í deilum við seljendur og það sama gildir um leigjendur. Neytendasamtökin leggja því áherslu á að veita góða þjónustu, vandaða ráðgjöf og milligöngu þegar það á við. En ekki síður að vekja opinberlega athygli á því hvar gera þarf betur.	Hafnað	2.000.000 kr.
Bangsafélagið	Reykjavík Bear 2026 - Menningarmál Annað	This project is about contributing to the financial sustainability of the festival Reykjavík Bear, by helping us to decrease the retail price of our tickets to make Reykjavík Bear more affordable for queer individuals from least privileged backgrounds.	150.000 kr.	450.000 kr.
Skrautás ehf	Útgáfa hverfablaða - Menningarmál Ritlist, bókmenntir og útgáfa	Grafarvogsblaðið, Árbæjarblaðið og Grafarholtsblaðið. Blöðin koma út 12 sinnum á ári, mánaðarlega.	1.950.000 kr.	4.000.000 kr.
Suss Global HQ ehf.	Suss Global Agenda 2025 - Menningarmál Annað	Við stefnum að bjóða vefstofur (kennslumyndbönd) sem eru stuttar og ritstýrðar á mannamáli. "Free Online Education System) FOES eða frlitt online kennsluefni "Financial Servant" eða FS fyrir fólk til að stjórna sinni fjárhagslegu þjónustu. Sjálfbærni.	Hafnað	6.000.000 kr.
Borgarkórinn	Borgarkórinn - Menningarmál Tónlist	Borgarkórinn er kór starfsmanna Reykjavíkurborgar og hefur starfað óslitið frá stofnun árið 2026. Virkir félagar eru ríflega 30, bæði konur og karlar.	500.000 kr.	1.300.000 kr.
Snorrásjóður,sjálfsseignastofnun	Snorraverkefnið - Menningarmál Annað	Snorraverkefnin eru fimm talsins, þrjú þeirra eru menningarferðir fyrir Íslendinga og Norður Ameríkubúa af íslenskum ættum. "Snorraverkefnið" býður 20-30 ára Norður Ameríkubúum af íslenskum ættum að taka þátt í fimm vikna náms- og menningardagskrá.	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Tiler ehf.	Barnaklúbbur fyrir alla - Félags- og velferðarmál	Developmental visits for preschool groups from Breiðholt to the sensory playground of Vá!Vá! Barnaklúbbur, ensuring equal opportunities in access to growth and education for preschoolers.	Hafnað	3.600.000 kr.
Unnur Guðrún Óttarsdóttir	Fræðslusmiðjur fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur, um teikningu til að efla nám, samkennd og velferð - Félags- og velferðarmál	Starfsfólki grunnskóla Reykjavíkur verður boðið að sækja þrjár fræðslusmiðjur um listmeðferð, minnisteikningu og speglunarsamteikningu. Lögð verður áhersla á að kynna listmeðferð og að hvernig hægt er að nýta teikningu til að efla nám, tengsl og velferð.	Hafnað	4.700.000 kr.
Heimili og skóli-landss foreldr	Stafrænt uppeldi - Félags- og velferðarmál	Stafrænt uppeldi -Fræðslan er ætluð foreldrum og forsjáraðilum barna á grunnskólaaldri.	Hafnað	4.500.000 kr.
Félag Horizon	Stærðfræðikeppnin Pangea 2026 - Íþrótt- og æskulýðsmál	Pangea er stærðfræðikeppni fyrir nemendur í 8. og 9. bekk í grunnskólum landsins sem hefur verið haldin árlega síðan 2016. Markmið keppninnar er að efla áhuga grunnskólakrakka á stærðfræði og að bjóða upp á skemmtilegt uppbrot á hefðbundnu skólastarfi.	200.000 kr.	500.000 kr.

Foreldrafélag Vinagerðis	Jólaskemmtun Vinagerðis - Íþróttá- og æskulýðsmál	Á hverju ári er haldin jólaskemmtun í Vinagerði þar sem gengið er í kringum jólatréð, sungin jólalög o.fl. Umsókn þessi er um styrk til að bjóða upp á jólaleiksýninguna "Langleggur og Skjóða" eða sambærilegt frá aðstandendum Leikhópsins Lottu.	Hafnað	150.000 kr.
FV ehf.	Skjánotkun- og venjur barna á leikskólaaldri og foreldra þeirra – könnun á stöðunni og þörf fyrir fræðslu - Íþróttá- og æskulýðsmál	Um er að ræða kortlagningu á skjánotkun- og venjum leikskólabarna og foreldra þeirra. Lögð er áhersla á umfang skjátækjanotkunar í daglegu lífi, þekkingu foreldra á öryggisstillingum og eftirlit þeirra með börnum sínum.	Hafnað	2.000.000 kr.
Vatnaverur Íslands	Laxar í skólastofunni - Íþróttá- og æskulýðsmál	Markmið Laxar í skólastofunni er að veita skólabörnum á Höfuðborgarsvæðinu fræðslu um neðanvatnsnágranna þeirra í Elliðaánum; laxana. Fjallað er um líf- og vistfræði laxanna í ánni og í hafinu – og sögu sambýlis Reykvíkinga við þennan merka fisk.	200.000 kr.	250.000 kr.